

Samkomulag um aukna byggðafestu á Djúpavogi

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu 800 þorskigildistonna aflamarki árlega fiskveiðíárin 2018/2019, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024 auk mótfamlaga samstarfsaðila Byggðastofnunar samkvæmt grein 4 og fylgiskjali með samningi þessum, í því skyni að treysta byggðafestu á Djúpavogi. Samningur þessi gerður á grundvelli reglugerðar 643/2016, umsóknar útgerða, fiskvinnslu og fiskeldisfyrirtækja á Djúpavogi dags. 9. mars 2018 og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar 25. maí 2018.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun kt.450679-0389, Ártorgi 1, Sauðárkróki
- Búlandstindur ehf. kt.680999-2289. Bakka 4, Djúpavogi
- Eyfrejunes ehf. kt.681292-2689, Mörk 4, Djúpavogi
- Fiskeldi Austfjarða hf. kt.520412-0930, Nesbala 122, Seltjarnarnesi
- Laxar Fiskeldi ehf. kt.621205-1370, Akralind 2, Kópavogi

1.

Meginmarkmið samnings þess er að auka byggðafestu á Djúpavogi. Í því skyni stefna samningsaðilar að stöðugri heilsárs fiskvinnslu, að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum fyrir karla og konur við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi á Djúpavogi.

2.

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðíárin 2018/2019, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024 með fyrirvara um endurskoðun við upphaf hvers fiskveiðíárs þar sem lagt verður mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir. Úthlutun vegna nýs fiskveiðíárs hefst ekki fyrr en staðið hefur verið skuldbindingar næsta fiskveiðíárs á undan. Samningurinn er einnig gerður með fyrirvara um það magn sem atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið úthlutar til Aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

3.

Búlandstindur ehf. rekur bolsfiskvinnslu, laxavinnslu auk útgerðar. Eyfrejunes ehf. er með útgerð sem leggur upp hjá Búlandstindi. Laxar fiskeldi ehf. og Fiskeldi Austfjarða hf. eru fiskeldisfyrirtæki sem leggja til bleikfisk til vinnslu hjá Búlandstindi. Samningsaðilar skuldbinda sig til að skapa og viðhalda á samningstímanum þeim starfafjölda sem tilgreindur er í umsókn félaganna dags. 9. mars 2018.

4.

GB EG AL
SS WO
BG

Byggðastofnun leggur til 800 þorskigildistonna aflamark af Aflamarki Byggðastofnunar árlega á gildistíma samningsins. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að vinna að minnsta kosti 1.800 tonn af bolfiski ár hvert. Gert er ráð fyrir vaxandi vinnslu á eldisfiski á tímabilinu og að vinnsla á honum fari upp í a.m.k. 10.000 tonn.

5.

Framsal aflamarks sem úthlutað er samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskigildum talið.

6.

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er.

7.

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun aflamarks samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðarinnar verið brotin sbr.9.grein reglugerðarinnar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða. Sé úthlutað aflamark nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða reglugerð skal útgerðaraðili skila aflamarki aftur til Byggðastofnunar.

8.

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.

Fylgiskjöl með samningi þessum eru:

1. Umsókn um aflamark Byggðastofnunar dags. 9. mars 2018.
2. Samkomulag vinnslu og útgerðaraðila á Djúpavogi með nánari útfærslu á skiptingu aflamarks á milli aðila og verðlagningu dags. 26.Ágúst 2018.

Djúpavogi 28. Ágúst 2018



A blue ink signature of the Directorate of Fisheries, featuring stylized letters and the word "BYGGÐASTOFNUN" written vertically.

f.h. Byggðastofnunar



A blue ink signature of Elís Guðrúnsson, which appears to be "Elís Guðrúnsson".

f.h. Búlandstinds ehf.



Handwritten blue ink initials "GG", "LG", "X", and "BG" arranged vertically.

Gudlaugur Birgisson

f.h. Eyfrejuness ehf.

Gudlaugur Birgisson

f.h. Fiskeldis Austfjarða hf.

Hegð G. Ósness

f.h. Laxa fiskeldis ehf.

Birgir Guðmundsson

f.h. Ósness ehf.

Vottar að undirskrift (nafn og kt.)

Sigríður Ósnes

241073-3869

Sigríður Ósnes

231277-5789

E6